Endurmenntunaráætlun Faxaflóahafna sf.

1.gr.

Auður Faxaflóahafna sf. liggur ekki síst í menntun og reynslu starfsfólks. Endurmenntun og símenntun er leið til að viðhalda og auka við þessi verðmæti.
Endurmenntun fer ýmist fram innan fyrirtækisins eða utan þess. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að ákveðnu fjármagni til endurmenntunar.

Faxaflóahafnir sf. greiða fyrir starfstengda endurmenntun, enda sé sótt um slíka greiðslu fyrirfram. Fyrirtækið styrkir eins og kostur er aðra endurmenntun sem er fagtengd og talin nýtast starfsmanni í starfi sínu.

2. gr.

Starfsfólki skal gefast færi á að sækja nauðsynleg námskeið eða endurmenntun sem nýtist því í starfi og stuðlar að starfsþróun. Stjórnendur Faxaflóahafna sf. bera ábyrgð á og samþykkja útgjöld vegna endurmenntunar og fylgjast með að starfsmenn sinni nauðsynlegri endurmenntun.
Undir endurmenntun starfsmanna fellur m.a.:

a) Nám til aukinna starfsréttinda.
b) Endurnýjun starfsréttinda.
c) Skipulögð námskeið eða fundir sem eru til þess fallin að auka þekkingu starfsmanna á starfstengdum verkefnum.
d) Heimsóknir eða fræðsluferðir.
e) Önnur fræðsla sem metinn er koma starfsfólki til góða.

3. gr.

Endurmenntun deilda Faxaflóahafna sf. má skipta upp í eftirfarandi einingar og lítur endurmenntun m.a. að eftirfarandi atriðum:

a) Hafnarþjónusta
    I. Endurnýjun skipstjórnar- og vélstjóraréttinda.
    II. Öflun skipstjórnar- og vélstjóraréttinda.
    III. Öryggisfræðsla á vegum Slysavarnarskóla sjómanna.
    IV. Menntun í tölvufærni og meðferð forrita sem koma að notum í stafi.
    V. Námskeið og fræðsla um umhverfis- og öryggismál
    VI. Öflun vigtarréttinda
    VII. Endurnýjun vigtarréttinda
    VIII. Öflun verndarfulltrúaréttinda
    IX. Öflun hafnargæsluréttinda
    X. Öflun vinnuvélaréttinda
    XI. Samskiptafærni

b) Rekstrardeild
    I. Námskeið á sviði viðeigandi iðnmenntunar.
    II. Fræðsla um viðhald eigna.
    III. Fræðsla, námskeið vegna réttinda á vinnuvélar og tæki.
    IV. Endurnýjun starfsréttinda, sem áskilin eru í viðkomandi starfi.
    V. Tækninýjungar á sviði hafnarmála.
    VI. Menntun í tölvufærni og meðferð forrita sem gagnast í starfi.
    VII. Námskeið og fræðsla um umhverfis- og öryggismál.
    VIII. Öflun hafnargæsluréttinda
    IX. Samskiptafærni

c) Skrifstofa
    I. Fræðsla á sviði bókhalds, skjalavörslu og mannauðsmála.
    II. Menntun í tölvufærni og meðferð forrita sem gagnast í starfi.
    III. Námskeið og fræðsla um umhverfis- og öryggismál
    IV. Samskiptafærni
d) Tæknideild
    I. Tækninýjungar á sviði hafnarmála.

II. Menntun í tölvufærni og meðferð forrita sem gagnast í starfi.
III. Menntun og fræðsla um umhverfis- og öryggismál
IV. Samskiptafærni

4. gr.

Faxaflóahafnir sf. munu gangast fyrir námskeiði eða námskeiðum á hverju ári sem falla að þörfum hverrar starfsdeildar. Óski starfsmaður eftir að sækja námskeið eða fundi um mál sem falla undir endurmenntun skal hann senda næsta yfirmanni erindi þar að lútandi. Faxaflóahafnir sf. hvetja starfsfólk til að sinna endurmenntun eftir því sem tækifæri gefast.

5. gr.

Hyggist starfsmaður sækja námskeið eða menntun, sem varðar starf hans hjá Faxaflóahöfnum sf., skal hann sækja skriflega eða í tölvupósti eftir heimild til þess til næsta yfirmanns. Ef námskeiðið eða menntunin á sér stað á vinnutíma viðkomandi eða ef óskað er eftir fjárhagslegri þátttöku Faxflóahafna sf. í kostnaði skal það tilgreint sérstaklega. Sé um að ræða tímafrekt eða kostnaðarsamt nám til öflunar starfsréttinda sem nýtast í starfi skal málið borið undir hafnarstjóra til samþykkis.

6. gr.

Starfsfólk getur sótt eftir framlagi Faxaflóahafna sf. og í Menntunarsjóð Þórarins Kristinssonar til menntunar eða til að sækja styttri námskeið.
Námskeið sem Faxaflóahafnir sf. óska eftir eða ætlast til að viðkomandi starfsmaður sæki skulu greidd í samræmi við kjarasamninga auk þess sem kostnaður við námskeiðsgjöld eru greidd af Faxaflóahöfnum sf.
Starfsfólk getur einnig sótt um framlög og styrki til viðkomandi stéttarfélags.

Reykjavík ___ ágúst 2018

_____
Gísli Gíslason, hafnarstjóri